

## REGLUR

### um breytingu (17) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 1. gr.

Töluliður 2.1 í upptalningu lærdómstítla í 1. mgr. 54. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Meistarapróf, Magister artium, Magister scientiarum, Magister paedagogiae, Master of Public Administration, Master of Laws og Master of Social Work, M.A./M.S./M.Paed./MPA/LL.M./MSW, 2 ár að jafnaði að loknu B.A./B.S. eða sambærilegu námi, eða samkvæmt því sem nánar er tilgreint í sérreglum deildar um námið.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. reglnanna, sbr. 2. gr. reglna nr. 323/2003:

1. Ákvæði 2. másl. 4. mgr. 92. gr. breytist og verður svohljóðandi: Sjúkra- og upptöku-próf í inngangi að lögfræði og almennri lögfræði skulu eingöngu haldin á vorpróftímabili, en ekki á sumarpróftímabili.
2. Ákvæði 1. másl. 5. mgr. 92. gr. breytist og verður svohljóðandi: Til að standast próf í B.A.-námi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námsgreinum hverri um sig.

#### 3. gr.

Við 114. gr. reglnanna, sem fjallar um kennslugreinar, prófgráður og námseiningar í félagsvísindadeild, bætist ný málsgrein, sem verður 13. mgr., svohljóðandi:

MSW (Master of Social Work) er 45 eininga meistaranám í félagsráðgjöf á sviði fjölskyldufélagsráðgjafar. Miðað er við að námið samanstandi af 30 einingum í námskeiðum og 15 eininga lokaritgerð.

#### 4. gr.

Við 6. mgr. ákvæða til bráðabirgða bætast tveir nýir málsliðir svohljóðandi:

Breyting á lágmarkseinkunn í námsgreinunum almennri lögfræði, inngangi að lögfræði og ágrípi af réttarsögu við lagadeild í 6,0 tekur gildi frá og með haustmíssi 2003. Ef stúdent hefur ekki hlotið einkunnina 7,0 í þessum greinum áður hverri um sig, verður hann að þreyta próf að nýju til að standast próf í þeim.

#### 5. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 10. október 2003.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*